

Mánudaginn 30. september 1940.

Nr. 59/1940. **Haraldur Valdimarsson**

gegn

Guðrúnu Ágústsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Haraldur Valdimarsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 4. október 1940.

Nr. 84/1940. **Sveinafélag múrara**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands vegna

Þorkels Ingibergssonar

(Eggert Claessen).

Fógetaúrskurður um aðför staðfestur.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurðinn hefir upp kveðið Kristján Kristjáns-son fulltrúi lögmanns í Reykjavík.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. f. m., hefir krafizt þess, að fógetaúrskurður sá, sem áfrýjað er, og fjárnámsgjörð samkvæmt honum, sem einnig er áfrýjað, verði úr gildi felld, og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á framangreindum dóms-

athöfnum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 8. sbr. 4. gr. í reglugerð styrktar-sjóðs sveinafélags múrara er það eitt hlutverka sjóðs þessa að veita félagsmönnum styrk, ef verkfall eða verkþann kemur til framkvæmda þeim til atvinnu-missis. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna úrskurðarins þykir rétt að staðfesta áður nefndar dómsathafnir samkvæmt kröfu stefnda.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindar dómsathafnir eigi að vera óraskaðar.

Áfrýjandi, Sveinafélag múrara, greiði stefnda, Vinnuveitendafélagi Íslands vegna Þorkels Ingibergssonar, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 26. ágúst 1940
og fjárnám 27. s. m.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 10. þ. m., hefir gjörðarbeiðandi, Eggert Claessen hrm., krafizt fjárnáms hjá Sveinafélagi múrara í Reykjavík til tryggingar skuld skv. dómi, uppkveðnum í félagsdómi 21. maí þ. á. í málinu: Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Þorkels Ingibergssonar gegn Sveinafélagi múrara í Reykjavík, að upphæð samtals kr. 1300.00, auk alls kostnaðar við gjörð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gjörðarþoli hefir mótmælt framgangi gjörðarinnar, og var málið því, eins og áður segir, lagt undir úrskurð fógetaréttarins.

Ágreiningur er ekki um aðfararhæfi dóms þess, sem hér liggur fyrir, heldur um það, hvort eignir gjörðarþola eru undanþegnar aðför. Aðiljar virðast vera sammála um það, að gjörðarþoli eigi ekki aðrar eignir en 2 sjóði: Félagssjóð og styrktarsjóð. Eru þeir sammála um það, að fjárnám megi fara fram í félagssjóði, en upplýst er af gjörðarþola, að í honum séu aðeins kr. 50.00. Hinsvegar er því haldið fram af hálfu gjörðarþola, að styrktarsjóðurinn sé undanþeginn aðför, og byggir hann það á ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 1938 8. gr. Gjörðarbeiðandi heldur því hins vegar fram, að þessi sjóður sé ekki undanþeginn aðför, því þótt úr honum sé veittur styrkur vegna veikinda, þá sé hann að öðrum þræði atvinnuleysissjóður.

Samkvæmt reglugjörð fyrir styrktarsjóð Sveinafélags múrara í Reykjavík er svo fyrir mælt í 2. gr., að tilgangur sjóðsins sé að styrkja meðlimi Sveinafélagsins, er atvinnuleysi og veikindi ber þeim að höndum. Sjóður þessi er því hvorutveggja í senn, sjúkrastyrktarsjóður og atvinnuleysisstyrktarsjóður. Í 8. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 11. júní 1938 eru sjúkrastyrktarsjóðir undanþegnir aðför því aðeins, að eignir þeirra séu skýrt aðgreindar frá eignum félagsins, og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa þess. Þar sem telja verður, að sjóður sá, sem hér um ræðir, rúmi allviðtækari starfsemi heldur en sjúkrastyrktarsjóður samkv. 8. gr. fyrrgreindra laga, verður að telja, að hann sé ekki undanþeginn aðför.

Því úrskurðast:

Félagssjóður og styrktarsjóður Sveinafélags múrara eru ekki undanþegnir aðför í þessu máli, og ber að leyfa framgang hinnar umbeðnu gjörðar, á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

[Gerðarþoli] benti á til fjárnáms 2 veðdeildarbréf, 11. flokkur Litra A 2662 og 2663, hvort að upphæð 1000 kr.

Fógeti lýsti þá yfir, að hann gerði fjárnám í fyrrgreindum veðdeildarbréfum.